Minnisblað

Efni: Strætóvegur í Stjörnugróf
Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.
Til: Reykjavíkurborg/Kópavogsbær
Dagsetning: 30.08.2021 (Uppfært 24.8.22)

Í núverandi tillögu að Nýju leiðaneti er gert ráð fyrir almennri leið sem ekur um Stjörnugróf og yfir á Stekkjarbakka, sjá mynd 1.



Mynd 1: Akstursleið leiðar H í Nýju leiðaneti um Stjörnugróf

Í tillögunni er gert ráð fyrir sérstökum strætóvegi, einungis ætluðum Strætó, sem myndi tengja á milli Smiðjuvegar og Stjörnugrófar, þar sem ekki er vegtenging í dag. Einungis er þörf á einbreiðum vegi þar sem um eina leið að ræða, sem ekur á 15 mínútna tíðni á annatíma. Því er ólíklegt að vagnar muni mætast á þessum stað. Ef vagnar hins vegar mætast þá getur annar þeirra hinkrað eftir hinum. Mynd 2 sýnir staðsetningu strætóvegarins.

Strætó bs.
Hesthála 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
strætó.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026



Mynd 2: Bláa línan táknar þann part sem tengja þarf með strætóvegi

Kostirnir við að aka Stjörnugrófina eru þeir að þjónusta almenningssamgangna verður betri fyrir íbúðahverfin bæði Kópavogs- og Reykjavíkurmegin auk þess sem akstursleiðin býður upp á aukna þjónustu við Smiðjuhverfið og íþróttasvæði Víkings. Ekki er mögulegt í framtíðinni að vera með stoppistöðvar fyrir leið H á Reykjanesbraut og því mun þjónusta við þessi hverfi vera mun verri ef ekki verður mögulegt að aka Stjörnugróf. Jafnframt eru minni líkur á að vagnarnir lendi í umferðartöfum þar sem þeir færu ekki um eins umferðarþungar götur. Akstur um Stjörnugróf er því talinn besta lausnin fyrir heildarleiðanet höfuðborgarsvæðisins og ef tengingin verður að veruleika mun það tryggja nálægum hverfum góða þjónustu almenningssamgangna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026